

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar - 7 (8.5.2015)

Málsnúmer : 1505037
Málsaðili : Aron Örn Óskarsson
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 08.05.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Tekin var fyrir umsókn frá Aroni Erni Óskarssyni tónlistarmanni, dagsett 5. maí 2015, um fjárstyrk vegna hádegistónleikaraðar í Garðabæ sumarið 2015. Um væri að ræða um klukkustundarlanga tónleika tveggja tónlistarmanna hverju sinni, Hádegisdúettar. Umsókninni fylgdi greinargerð og kostnaðaráætlun.
Menningar- og safnanefnd tekur undir með umsækjanda að tónleikaröð af þessu tagi gæti verið lyftistöng fyrir menningarlíf Garðabæjar og samþykkir að veita fjárstyrk að upphæð kr. 200.000 til verkefnisins í sumar. Skilyrði fyrir styrkveitingunni er að verkefnið verði unnið áfram í samráði við upplýsinga- og menningarfulltrúa Garðabæjar og að áður en til útgreiðslu styrkjarins kemur skal verkefnið hafa hlotið samþykki upplýsinga- og menningarfulltrúa. Mælst er til þess að viðburðirnir verði auglýstir opnir öllum íbúum Garðabæjar og að einhver viðburðanna verði sérstaklega tileinkaður eldri íbúum bæjarins og þá haldinn í Jónshúsi.
\$line\$